

ATVIK-Sjómenn

NOTKUNARLEIÐBEININGAR FYRIR ÚTGERÐIR
SAMGÖNGUSTOFA

Efnisyfirlit

Tilgangur og markmið	2
Helstu atriði og almenn virkni kerfisins	2
Fyrsta innskráning	3
Uppsetning	4
Stofna svið	4
Stofna skip	5
Stofna notendur	7
Stofna skipstjóra	8
Stofna sviðsstjóra	8
Stofna mannauðsfulltrúa	9
Stofna viðbragðsaðila við einelti/kynferðislegri áreitni	9
Stofna IP-tölur fyrir skip og starfsstöðvar í landi	10
IP-tölur skipa – mikilvæg atriði	11
Atburðasaga	11
Yfirlit á atvikum	12
Uppfæra upplýsingar og vinna með atvikaskráningu	13
Prenta út skýrslur um atvik	14
Senda rafrænar tilkynningar á fjarveruslysum til Rannsóknarnefndar samgönguslysa	15
Eyðublöð til Sjúkratrygginga Íslands og VÍS	15
Breyta minniháttar slysi yfir í fjarveruslys	16
QR-kóðar fyrir ATVIK-sjómenn	17
Skýrslu- og greiningartól	18
Forvarnaþjónusta tryggingafélaga og þjónustuaðila	20
CVS-skrár fyrir innanhús gagna- og greiningartól	21
Upplýsinga- og fræðslusíða um ATVIK-sjómenn	22

Tilgangur miðlæga atvikaskráningarkerfisins ATVIK-sjómenn er að búa til einn sameiginlegan gagnagrunn sem veitir heildarsýn á atvikum til sjós sem snúa að öryggi sjómanna og mynda þannig einstaka tölfræði til að nýta í forvarnastarfi í öryggismálum sjómanna.

Markmiðið er að efla öryggi í vinnuumhverfi sjómanna og fækka slysum til sjós með gagnadrifnu forvarnastarfi. Reglulega mæla og meta árangur af markvissum og gagnadrifnum forvarnaaðgerðum sem gripið hefur verið til út frá skráningum í ATVIK-sjómenn.

ATVIK-sjómenn er í boði fyrir allar útgerðir og er þeim að kostnaðarlausu. Útgerðir sem vilja nota atvikaskráningarkerfið verða stofnaðar sem stór-notendur í kerfinu og fá sinn eigin skráningarhlekk (vefslóð) til að nota um borð í sínum skipum. Þá geta útgerðir nýtt sér gagnvirk mælaborð og greiningartól fyrir öll atvik sem skráð eru í kerfið. Sömuleiðis geta þær tilkynnt öll slys á sjómönnum rafrænt til Rannsóknarnefndar samgönguslysa og kallað fram tilkynningareyðublöð til Sjúkratrygginga Íslands og tryggingafélaga.


Aðstoð og frekari upplýsingar um kerfið er hægt að fá með því að senda tölvupóst á netfangið atviksjomenn@samgongustofa.is

Helstu atriði og almenn virkni kerfisins

- Útgerðir fá tilgreinda vefslóð sem veitir þeim aðgengi að kerfinu
- Önnur vefslóðin er fyrir stjórnendur til að skrá sig inn en hin er fyrir sjómenn til að skrá atvik
- Sjómenn geta skráð atvik gegnum snjalltæki ef almenna vefslóðin er sett í QR-kóða
- Fastsetja þarf allar IP-tölur á netþjónum skipa
- Aðgangi að öllum gögnum útgerðar í kerfinu er aðgangsstýrt með rafrænum skilríkjum
- Aðgengi stjórnenda að gögnunum í kerfinu er stýrt út frá skilgreindu hlutverki þeirra í kerfinu
- Þegar atvik er skráð í kerfið fá stjórnendur skipsins og stjórnendur í landi tilkynningu um atvikið
- Sjómenn fá sjálfvirkan tilkynningarpóst þegar stöðu Atviksins er breytt í „vinnslu“
- Sjómenn fá sjálfvirkan tilkynningarpóst um úrbætur þegar stöðu Atviksins er breytt í „lokið“
- Í yfirliti atvikaskráningar er hægt að skoða eða vinna með hvert og eitt atvik
- Hægt er að prenta út atvikaskýrslur
- Hægt er að tilkynna fjarveruslys rafrænt til Rannsóknarnefndar samgönguslysa beint úr kerfinu
- Gagnvirkt greiningar- og orsakatól er til staðar í kerfinu (Power-PI)

Fyrsta innskráning

Þegar búið er að stofna viðkomandi útgerð til að nota ATVIK-sjómenn þá mun viðkomandi starfsmaður útgerðar sem er tilgreindur sem „Mannauðsstjóri/Öryggisstjóri“ fá tölvupóst frá no_reply@atvik.is. Í honum er vefslóð á innskráningarsíðu fyrir rafræn skilríki.



ATVIKASKRÁNING SJÓMANNA

Innskráning.


Rafræn skilríki

Sími


Innskrá

© 2022 - Atvikaskráning sjómanna
IP talan þín 157.157.98.141
útgáfa 1.0.0.111 - 2.11.2022 Test

Mannauðs-/öryggisstjórinn þarf að slá inn gsm-númerið sem hann gaf upp í umsóknarferlinu og skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Þá birtist stjórnendastika efst í valmynd forritsins.



ATVIKASKRÁNING SJÓMANNA Öll atvik Tegundir atvika - Fyrirtæki - GÍSLI NÍLS EINARSSON Útskrá



ATVIK | Atvikaskráning sjómanna

Tilkynningar

- Ábending
- Næstum slys
- Minniháttar slys
- Fjarveruslys
- Ógn

Ábending


Hætta eða frávik í vinnulagi, vinnuhverfi um borð og öryggismálum sjómanna

Sem dæmi má nefna yfirvofandi fallhættu vegna hálfu, bleytu eða hlutar á gólfi, klemmuhættu og eidhættu

Uppsetning

Stofna svið


Fyrsta skal stofna svið í forritinu og það er gert með því að smella á „Fyrirtæki“ og smella síðan á „Svið“.




Því næst er smellt á „Nýskrá“




Viðkomandi svið eru skráð/stofnuð t.d. fyrst stofnað „Uppsjársvið“ og „Bolfisksvið“




Til að stofna skip er það gert með því að smella á „Fyrirtæki“ og smella síðan á „Skip“.



Því næst er smellt á „Nýskrá“



Fyrst er valið svið sem skipið á að tilheyra. Síðan er nafn skipsins slegið inn í leitarsvæðið undir „Skipaskrá“ en þar birtast nöfn á skipum úr Skipaskrá og rétt skipsnafn valið ef það eru fleiri en eitt skip með sama fornafni sbr. hér í dæminu Áskell.



ATVIKASKRÁNING SJÓMANNA Öll atvik Tegundir atvika Fyrirtæki GÍSLI NÍLS EINARSSON

Nýskrá
Skip

Svið: Bolfiskssvið

Skip:

IMO númer:

Tegund skips:

Veiðifæri:

Skrá

Til baka

Skipaskrá

Skip: Áskell


Veldu skip.. (Áskell)

Veldu skip.. (Áskell)


1414. ÁSKELL EGILSSON EA-

2958. ÁSKELL PH-048

Þegar skipsnafn er valið þá birtist sjálfkrafa nafn og IMO númer skipsins. En síðan þarf að velja „Tegund skips“ og „Veiðarfæri“. Að því loknu velja „Skrá“ og þá er búið að skrá viðkomandi skip í forritið.



Ef stofna á fleiri skip þá er hægt að smella á „Nýskrá skip“ neðst valmyndinni sem birtist eftir að búið er að stofna fyrsta skipið.




Svið	Tengdar	Skráningar
MÁLMHEY SK-001	✕	🔍
LUNDEY SK-003	✕	🔍
ARNAR HU-001	✕	🔍
FARSÆLL SH-030	✕	🔍
ÁSKELL BH-048	✕	🔍
SÓLEY SIGURJÓNS GK-200	✕	🔍


Þegar búið er að stofna öll skip þá er næst farið í að stofna notendur, t.d. skipstjóra, sviðsstjóra, mannauðsfulltrúa eða öryggisstjóra.

Stofna notendur


Til að stofna notendur í forritinu er það gert með því að smella á „Fyrirtæki“ og smella síðan á „Notendur“.



Því næst skal smella á „Nýskrá“




Fylla þarf út allar persónuupplýsingar sem beðið er um þegar notandi er stofnaður. Síðan þarf að velja hvaða hlutverki viðkomandi aðili á að sinna þ.e skipstjóra, sviðsstjóra, mannauðsfulltrúa eða öryggisstjóra.




Stofna skipstjóra

Þegar skipstjóri er stofnaður þarf að velja svið og skip sem viðkomandi skipstjóri tilheyrir. Þegar aðgangur er stofnaður fyrir stýrimenn á sama skipi eru þeir líka stofnaðir sem skipstjórar. Skipstjórnendur (skipstjórar og stýrimenn) hafa þá saman notendaaðgang og sýn á atvikum fyrir einungis sitt skip.




Stofna sviðsstjóra

Þegar sviðsstjóri er stofnaður í kerfinu þarf að velja viðkomandi svið sem hann er yfir. Sviðsstjórinn mun þá einungis hafa aðgang að skráðum atvikum skipa sem tilheyra hans sviði.



Stofna mannauðsfulltrúa


Sama ferli er við að stofna mannauðsfulltrúa nema að notendaaðgangur hans snýr einungis að fjarveruslysum sjómanna. Hann hefur heimild til að skoða, vinna með og tilkynna fjarveruslys til Sjúkratryggingar Íslands og viðkomandi tryggingafélags.



Fyrirtæki Deloitte
Netfang gislinils@gmail.com
Sími 8228090
Nafn Karl Ágústsson
Kennitala 1010664589
Hlutverk Mannauðsfulltrúi
 Hlutverk: Einelti/kynferðisleg áreitni
Læstur úti
Hægt að læsa úti
Læstur úti til:
Uppfæra

Stofna viðbragðsaðila við einelti/kynferðislegri áreitni

Mælt er að með að mannauðsstjóri fyrirtækisins verði stofnaður sem viðbragðsaðili við einelti og kynferðislegri áreitni. Það er gert með því að haka við valmöguleikann „Hlutverk: Einelti/kynferðisleg áreitni“.



ATVIKASKRÁNING SJÓMANNA Öll atvik Tegundlr atvika - Fyrirtæki -
Fyrirtæki Deloitte
Netfang gislinils@gmail.com
Sími 8228090
Nafn Karl Ágústsson
Kennitala 1010664589
Hlutverk Mannauðs/öryggisstjóri
 Hlutverk: Einelti/kynferðisleg áreitni
Læstur úti
Hægt að læsa úti
Læstur úti til:
Uppfæra

Þá mun einungis mannauðsstjóri fá tilkynningar þegar sjómenn skrá einelti eða kynferðislega áreitni. Erlendar og íslenskar rannsóknir á einelti/kynferðislegri áreitni hafa sýnt að gerandi sé oft næsti stjórnandi starfsmanns sem tilkynnir atvikið.

Stofna IP-tölur fyrir skip og starfsstöðvar í landi


Til að hægt sé að nota ATVIK-sjómenn þarf að stofna leyfðar IP-tölur á netþjóni á viðkomandi starfsstöð í landi og í skipum. Til að stofna nýja IP-tölu fyrir starfsstöð/skip er það gert með því að smella á „Fyrirtæki“ og smella síðan á „Leyfðar IP tölur“.



Síðan þarf að velja „Nýskrá“



Síðan þarf að fylla inn í númerið á IP-tölu á viðkomandi starfsstöð eða skipi. Í landi eru oft mengi af mismunandi IP-tölu og þá eru skrifaðar bæði neðri og efri mörk IP-tala. Annars er sett sama IP-tala í báða dálka. Svo þarf að tilgreina nafnið á viðkomandi IP-tölu t.d. Skrifstofa útgerðar eða nafn á skipi.



IP-tölur skipa – mikilvæg atriði


Mikilvægt er að hafa í huga að útgerðir þurfa að fá þjónustuaðila sína með netþjónustu skipanna til að fastsetja IP-tölur á netþjóni og gervihnött hvers og eins skips. Annars breytast IP-tölur þeirra þegar skipin sigla kringum landið og þá geta skipin ekki tengst ATVIK-sjómenn.

Sömuleiðis er vert að hafa í huga að skipstjórnendur (skipstjórar/stýrimenn) geta ekki notað rafræn skilríki til að komast inn í ATVIK-sjómenn þegar skipið er á neti gervihnattarsambands skipsins. Þetta hefur með gervihnattaþjónustuna að gera, þ.e. þessi virkni er ekki til staðar í henni.

Atburðasaga

Í kerfinu er hægt að sjá allar hreyfingar, þ.e. hvenær og hvaða einstaklingur skráði sig inn í kerfið ásamt því að skoða hvaða atvikaskráningar viðkomandi var að vinna með. Þetta myndar ákveðin fótspor og öryggi í kerfinu þannig að hægt sé að rekja til baka og skoða hvað hefur verið gert í kerfinu.

Til að skoða atburðasöguna er fyrst smellt á „Fyrirtæki“ og svo smellt á „Atburðasaga“.



Hér fyrir neðan er dæmi um hvernig aðgerðasaga getur litið út.

Dagsetning	Tegund	Titill	Lykill	Skilaboð	Atviks tegund	Notandi
29.11.2022 17:04:52	Action	LoginAudkenni	8377700	Login success		gisli@oryggisstjornun.is
29.11.2022 15:02:46	Warning	IP Validation	http://217.171.209.137/cp/2f767472-4b08-4f02-99fa-8a21291edb2a/Home	6605173_tmp_user@rnsa.is hefur ekki aðgang að þessari síðu!		6605173_tmp_user@rnsa.is


Yfirlit á atvikum

Til að fá yfirlit allra atvika sem skráð hafa verið í kerfið hjá útgerðinni er smell á „Öll atvik“ efst í valmöguleika á stikunni eftir að stjórnandi er búinn að innskrá sig með rafrænum skilríkjum.



Þá birtist yfirlit á öllum atvikum sem skráð hafa verið í kerfið. Hægt er að leita eftir tilteknum atvikum með því að slá inn nafn eða kennitölu á einstaklingi inn í dálkinn „Leit“ og þá birtast öll atvik sem eru tengd viðkomandi aðila.

Sömuleiðis er hægt að flokka atvik eftir *tegund*, *stöðu*, *sviði* eða *skipi*. Hægt er að *slá inn dagsetningar* fyrir mismunandi tímabili til fá yfirlit atvika yfir lengra tímabil.



Öll atvik

Leit: Öll atvik Allar stöður 01/01/2022 Til: dd/mm/yyyy

Svið Skip

Alls 31 | Fjarveruslys 11 | Næstum slys 5 | Minniháttar slys 9 | Ábending 5 | Ögn 1

Skráð	Tegund	Lýsing	Tillögur að úrbótum	Dagsetning	Staða mála
02.11.2022 15:13	Ábending	Hurð skall aftur í véltingi hurðafestingin er ekki...	Láta vélstjóra kíkja á festinguna.	02.11.2022 15:10	Lokis
22.09.2022 13:47	Ábending	ótækt að ekki séu björgunarhringir á þílfari	Strax verði bætt við björgunarhringjum merktum ski...	22.09.2022 13:43	Í vinnslu
06.09.2022 07:58	Ögn	Yfirvélstjórinn var að fullyrða fyrir framan alla ...	Ræða við gerandann um að svona yfirlysingar, viðho...	06.09.2022 07:50	Í beið
06.09.2022 07:49	Fjarveruslys	Var að bera matarkostinn inn í búrið á útsiglingun...	Minna alla á að festa aftur hurðar þegar verið er ...	06.09.2022 07:42	Í beið
06.09.2022 07:36	Minniháttar slys	Fékk líkið bruna sár á visifingur þegar ég	Láta vélstjóra vita og tengja heita/kalda vatnið r...	06.09.2022 07:30	Lokis

Uppfæra upplýsingar og vinna með atvikaskráningu

Til að uppfæra atvikaskráningu eða vinna með atvikið þá þarf að velja táknið „Blað og penni“. Þegar það gerist þá birtast allar upplýsingar um atvikaskráninguna.

Skráð	Tegund	Lýsing	Tillögur að úrbótum	Dagsetning	Staða mála
02.11.2022 15:13	Ábending	Hurð skall aftur í veltungi hurðafestingin er ekki...	Láta vélstjóra kíkja á festinguna.	02.11.2022 15:10	Lokið    
22.09.2022 13:47	Ábending	ótækt að ekki séu björgunarhringir á þilfari	Strax verði bætt við björgunarhringjum merktum ski...	22.09.2022 13:43	Í vinnu    

Þá opnast málaskrá um atvikið og hægt er að vinna með atvikaskráninguna, bæta við myndum og breyta stöðunni á atvikinu ef farið er að vinna með málið eða búið er að ljúka því með aðgerðum.

ATVIKASKRÁNING SJÓMANNA Öll atvik Tegundir atvika - Fyrirtæki -

Uppfæra

Ábending

Skráð af

Nafn: Ragnar Reikhaus

Kennitala: 2112725389

Aldur: 49

Kyn: Annað/fynsegin

Netfang: Ragnar@gmail.com

Sími: 6678899

Starfsheiti: Háseti

Dagsetning og tími: 02/11/2022 15:10

Var farið í fyrirbyggjandi aðgerðir í kjölfar atviks?

Mundu að setja ekki persónugreinandni gögn í texta eins og t.d. Nafn og kt

Lýsing: Hurð skall aftur í veltungi hurðafestingin er ekki að virka.

Mundu að setja ekki persónugreinandni gögn í texta eins og t.d. Nafn og kt

Tillögur að úrbótum: Láta vélstjóra kíkja á festinguna.

Þegar búið er að fara í „Ljúka úrvinnslu á atvikaskráningu“ þá þarf að skrá hvað var gert í texta-boxið „Úrbætur í kjölfar atviks“ og svo breyta stöðu atviksins í „Lokið“.

Mundu að setja ekki persónugreinandni gögn í texta eins og t.d. Nafn og kt

Úrbætur í kjölfar atviks

Skrár

Skrá Lýsing

Bæta við skrá

Staða: Lokið

Prenta út skýrslur um atvik

Hægt er að kalla fram skýrslu um hvert atvik með því að smella á auga-táknið og birtist skýrslan í heild sinni á prentanlegu formi.

Skráð	Tegund	Lýsing	Tillögur að úrbótum	Dagsetning	Staða mála
02.11.2022 15:13	Ábending	Hurð skall aftur í veltungi hurðafestingin er ekki...	Láta vélstjóra kíkja á festinguna.	02.11.2022 15:10	Lokið    

Ábending

Skrá nafnlaust

Skráð af

Nafn Ragner Reikheus
 Kennitala 2112725389
 Aldur 49
 Kyn Annað/kynsegin
 Netfang Ragner@gmail.com
 Sími 6678899
 Starfsheiti Háseöi

Dagsetning og tími 02.11.2022 15:10
 Svíð Bolfisksvíð
 Skíp FARSÆLL SH-030
 Verkefni skíps Að veiðum
 Staðsetning skíps Vestfirðir

Ábending um Hætta í umhverfi

Staðsetning atviks Þífar
 Staðsetning atviks -
 nánar Kenniskustofu

Var farið í fyrirbyggjandi aðgerðir í kjölfar atviks? Nei

Lýsing Hurð skall aftur í veltungi hurðafestingin er ekki að virka.

Tillögur að úrbótum Láta vélstjóra kíkja á festinguna.

Úrbætur í kjölfar atviks

Skrár


Staða Lokið

Prenta


Til baka

Senda rafrænar tilkynningar á fjarveruslysum til Rannsóknarnefndar samgönguslysa


Samkvæmt lögum ber útgerðum að tilkynna öll fjarveruslys og alverleg slys sjómanna til Rannsóknarnefndar samgönguslysa (RNSA). Það er hægt að gera rafrænt með því að opna skýrslu-sýnina og smella á „auga-táknið“.



Fara svo neðst í skýrsluna og smella á hnappinn „RNSA“ og þá fer sjálfkrafa rafræn tilkynning frá útgerðinni til Rannsóknarnefndar samgönguslysa.




Þá birtist skjaldarmerki RNSA fyrir aftan málið sem segir til um að búið sé að tilkynna fjarveruslysið til RNSA.



Eyðublöð til Sjúkratrygginga Íslands og VÍS

Hægt er að kalla fram eyðublöð til Sjúkratrygginga Íslands og VÍS þar sem ákveðnar upplýsingar sem þegar búið er að skrá í kerfið, fyllast sjálfkrafa út í eyðublöðunum. Hins vegar þarf að klára að fylla út önnur atriði í eyðublöðunum áður en þau eru send sem pdf-skjöl með tölvupóstforriti (Outlook) til Sjúkratrygginga Íslands eða VÍS.





Stefnt er að því að með vorinu 2023 verði hægt að tilkynnt rafrænt til Sjúkratrygginga Íslands og til allra tryggingafélaga beint út úr ATVIK-sjómenn.

Breyta minniháttar slysi yfir í fjarveruslys


Hægt er að breyta minniháttar slysi yfir í fjarveruslys í kerfinu ef slys á sjómanni reynist alvarlegra en talið var í fyrstu, veldur fjarveru eða alvarlegri afleiðingum..

Smellið á „Öll atvik“ í aðgerðastikunni efst í forritinu og smellið á táknið „blað og penni“ til að geta uppfært viðkomandi „minniháttar slys“



ATVIKASKRÁNING SJÓMANNA				GÍSLI NÍLS EINARSSON		Útskrá
	Öll atvik	Tegundir atvika	Fyrirtæki			
03.03.2022 15:11	Minniháttar slys	Vorum að taka inn trollið þegar ég klemmist á mill...	Fá betri fræðslu um rétt vinnubrögð við að lása úr...	28.02.2022 14:33	Í bið	

Farið neðst í skráninguna og smellið á „Umbreyta minniháttar slysi yfir í fjarveruslys“



Staða

Í bið

Vista


Umbreyta minniháttar slysi yfir í fjarveruslys

Til baka

© 2022 - Atvikaskráning sjómanna

QR-kóðar fyrir ATVIK-sjómenn

Hægt er að setja vefslóð forritsins í QR-kóða til að hafa á veggspjaldi á mismunandi stöðum um borð í skipinu. **Nota skal vefslóðina sem er fyrir almennu skráningarsíðu forritsins hjá útgerðinni.**




Hægt er að sækja ýmis konar Öpp á App-store eða Google-play til búa til slíka QR-kóða til að setja á veggspjöld sem bæta aðgengi sjómanna að skráningu í ATVIK-sjómenn um borð. Ásamt því að minna sjómenn á að skrá atvik í forritið. Hér fyrir neðan er dæmi um slíkt.



Skýrslu- og greiningartól

Kerfið er með innbyggt gagna- og greiningartól sem veitir nánari yfirlit og innsýn á öllum atvikum sem skráð eru í kerfið. Sömuleiðis er hægt að fara í dýpri greiningarvinnu með sjálfvirku greiningartóli þar sem hægt er að skoða gögnin út frá mismunandi víddum/sjónarhorni með öflugri myndframsetningu.

Veljið „Fyrirtæki“ og svo „PowerBI“ til að opna gagna- og greiningartólið



Þá opnast stöðluð skýrsla sem veitir myndrænt og gagnvirkt yfirlit á atvikum.



Hægt er að nýta gagnvirkt „orsakagreiningartól“ í kerfinu í hverjum yfirflokki fyrir sig með því að velja „stækkunarglerið“ og þá birtist stöðluð greiningarskýrsla. Stöðluð framsetning hennar getur verið mismunandi eftir því hvaða yfirflokkar eru valdir. Hér fyrir neðan er búið að smella á „Stækkunarglerið“ í skýrslu fyrir „Fjarveruslys“.



Sama á við hér. Hægt er að smella á mismunandi breytur, víddir eða nýtur „Sjúkur“ til að kalla fram sjálfkrafa aðra skýrslumynd út frá öðrum sjónarhornum eða víddum til að fara í dýpri greiningar á atvikum, t.d. með því að smella á „Starfsheiti“ undir „Sjúkur“ þ.e. háseti, skipstjóri o.s.frv.

Besta leiðin til að öðlast aukna færni í notkun á „Skýrslu- og Greiningartólinu“ er að vera dugleg að leika sér að því að skoða gögnin út frá mismunandi breytum og víddum. Þannig eykst færni í að búa til skýrslur sem henta út frá þeim atvikum sem hafa verið skráð í kerfi útgerðarinnar.

Forvarnaþjónusta tryggingafélaga og þjónustuaðila

Margar útgerðir hafa aðgengi að „Forvarnasérfræðingi“ gegnum forvarnasamstarf við sitt tryggingafélag sem búa yfir reynslu af greiningu atvika og eru tilbúnir að aðstoða útgerðir við slíka greiningarvinnu í ATVIK-sjómenn. Sömuleiðis geta útgerðir líka leitað til þjónustuaðila sem veita sérhæfða þjónustu í öryggisstjórnun útgerða.

CVS-skrár fyrir innanhús gagna- og greiningartól

Útgerðir geta kallað fram gögn úr kerfinu á excel-formi „CSV-skrá“ til að búa til sýnar eigin skýrslur með innanhúss gagna- og greiningartólum sem fyrirtækin eru að nota t.d. Power-BI eða Tableau. Það er gert með því að velja „Öll atvik“ í efstu stikunni og velja svo „CVS-skrá“ neðst á þeirri valmynd. Þá varpast gögnin yfir þar til gerða Excel-skrá sem útgerðir geta notað.




The screenshot shows the 'Öll atvik' (All events) page. At the top, there is a navigation bar with 'Öll atvik' selected. Below the navigation bar, there is a search and filter section with a search bar, a dropdown for 'Öll atvik', and a 'Leita' (Search) button. The main content is a table of events with columns for 'Skráð', 'Tegund', 'Lýsing', 'Tillögur að úrbótum', 'Dagsetning', and 'Staða mála'. The table contains 20 rows of event data. At the bottom left, there is a pagination control showing '1 2 *' and a 'Öll atvik CSV' button.

Skráð	Tegund	Lýsing	Tillögur að úrbótum	Dagsetning	Staða mála
16.12.2022 12:52	Fjarveruslys	xxxxxxxx	xxxxxx	16.12.2022 12:48	Ítök
16.12.2022 12:07	Ábending	Þældis í trolnið og féll fram fyrir og bar hönd...	þetta ljáing xxx...	16.12.2022 11:12	Leita
02.11.2022 15:13	Ábending	Hurð skoll eftur í veltungi hurðafestingin er ekki...	Láta vélsjóna klíja á festinguna.	02.11.2022 15:10	Leita
22.09.2022 13:47	Ábending	Óþækt að ekki séu björgunertingir á þilferi	Strax verði teitt við björgunartingjum merktum skil...	22.09.2022 13:49	Leita
06.09.2022 07:58	Ögn	Yfirvélsjóninn var að fylgja fyrir framan alla...	Ræða við gerandann um að svona yfirlysingar, viðho...	06.09.2022 07:50	Ítök
06.09.2022 07:49	Fjarveruslys	Var að bera matarkostinn inn í búnið á Útöngingun...	Minna alla á að festa eftur hundar þegar verð er ...	06.09.2022 07:42	Ítök
06.09.2022 07:36	Minniháttar slys	Fékk lítið bruna sár á vörfingur þegar ég stófað...	Láta vélsjóna vita og tengja heita kalda vatnið r...	06.09.2022 07:30	Leita
06.09.2022 07:30	Næstum slys	Var að ganga á fremra þilferi þegar ég næstum datt...	Þenda útgerðarsjóna á að það vantar sand í málin...	06.09.2022 07:23	Leita
05.09.2022 17:15	Ábending	Söginn niður í lestina er orðinn teus í sér þar s...	Frá vélsjóna til að flta á þetta og stjólta stígann...	05.09.2022 17:13	Ítök
30.06.2022 12:24	Minniháttar slys	test	test	02.06.2022 12:22	Ítök
30.06.2022 11:28	Minniháttar slys	Test prentun	TÉst prentun	28.06.2022 11:25	Ítök
30.06.2022 11:24	Minniháttar slys	test prentun	test prentun	31.05.2022 11:23	Ítök
30.06.2022 11:20	Minniháttar slys	test	test	16.06.2022 11:19	Ítök
30.06.2022 10:31	Fjarveruslys	Prufa	Prufa	31.05.2022 10:30	Ítök
30.06.2022 10:22	Fjarveruslys	Formið á prentaðri skýrslu er enn á gamla forminu ...	Formið á prentaðri skýrslu er enn á gamla forminu ...	07.06.2022 10:21	Leita
30.06.2022 10:19	Minniháttar slys	Skóða hvort Eyðublið birtast ennþá fyrir alla aðila...	Skóða hvort Eyðublið birtast ennþá fyrir alla aðila...	28.06.2022 10:18	Ítök
30.06.2022 10:18	Ábending	Láta útyfingu á "Staðsetning nánar" ve...	Láta útyfingu á "Staðsetning nánar" ve...	29.06.2022 10:17	Ítök
18.05.2022 13:40	Fjarveruslys	Var að vinna með þrífelni og fékk brunasár á hendi...	Setja fram myndrænar leiðbeiningar um hvernig ég...	18.05.2022 13:38	Leita
03.05.2022 12:38	Fjarveruslys	Slar mig í fingurinn í aðgerð.	Þrjona hnifinn áður hann er notaður.	03.05.2022 12:37	Leita
03.03.2022 15:11	Minniháttar slys	Varum að taka inn trollið þegar ég klemmist á mil...	Fá betri fræðslu um rétt vinnubrögð við að lása úr...	28.02.2022 14:33	Leita

Upplýsinga- og fræðslusíða um ATVIK-sjómenn

Á heimasíðu Samgöngustofu undir „Siglingar“ og „Öryggi og fræðsla“ er hægt að finna allar upplýsingar um [ATVIK-Sjómenn](#) og ýmiss konar fræðsluefni um öryggismál sjómanna og til sjóss t.d. [Öryggishandbók fiskiskipa](#), [12 hnútar](#), [Öryggisáætlun sjófarenda](#) og fleira nytsamlegt efni sem getur nýst til að efla öryggismál enn frekar hjá útgerðum.



The screenshot shows the website interface for Samgöngustofa. At the top left is the logo. The top right contains navigation links: English, Mitt svæði, a search icon, Um okkur, Umferð, Flug, and Siglingar. A large teal navigation menu is open on the right, listing: Mönnun og skráning, Eftirlit og mælingar, Leyfi, Nám og skirteini, Öryggi og fræðsla, Skrár og útgáfa, Kröfur til skipa, Farþegar, Netöryggi, Alþjóðlegt samstarf, and Eyðublað. The main content area features a background image of a car interior with a driver and a passenger. A teal call-to-action box on the left contains the text: **Ertu að selja eða kaupa ökutæki?** Below this is a paragraph:

Hægt er að ganga frá eigendaskiptunum rafrænt á Minu svæði. Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum og sparaðu þér tíma og fyrirhöfn. Á Minu svæði getur þú líka fengið yfirsýn yfir ökutæki í þinni eigu, flett upp eigendum ökutækja o.fl.

 At the bottom of the box is a button labeled **Lesið meira**.